

við menn sem hafa yfirburði yfir hann. Aðrir glæpamenn keppa ekki á móti honum; þeir eru öllu fremur félagar hans—bræður hans, eins og þeir nefna það. Hinir einu keppinautar glæpamannsins eru leynilög-reglumennirnir, sem tákna mannfélagið og réttvísina. Ég býst ekki við, að nokkur maður hafi af náttúruhvöt eða fúsum vilja valið sér það hlutskifti, að verða glæpamaður, og það er nauðsyn glæpamannsins sem leiðir til þess, að hann verður uppvís“.

„Eftir þessu ætti að vera hægt að ná öllum glæpamönnum“, sagði sá er byrjað hafði samtalið.

„Já, allir glæpamenn ættu að geta náðst“, sagði hinn. “Það, að þeir nást ekki, er sterk röksemd á móti leynilögreglunni; því það er óhætt að segja að það er nauðsynin, sem rekur glæpamennina áfram, og í því er möguleglegikinn að sigra þá innifalinn. Þér getið t. d. haldið því fram, að æfður innbrotsþjófur hugsi alt ráð sitt fyrirfram, og að þar eð hann drygi glæpið þannig af yfirlögðu ráði, þá ætti hann að geta undirbúið alt svo vandlega fyrirfram, að hann skilji ekki eftir nein þau ummerki, er leiði til þess, að rekja megi slóð hans. En þetta á sér nú samt sem áður sjaldan stað, og orsökkin til þess er sem fylgir: Það sem hann átti alls ekki von á, kemur oft eða nærri ætíð fyrir, og við þessu var hann ekki búinn. Alt í einu sér hann fangelsið fram undan sér, og ótti hans við það stelur burt varkárni hans, svo að hann, eins og við höfum rekið okkur á, lætur eftir sig einhvern leiðarvís“.